

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

8. gr. hljóðar svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.

Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.

9. gr. hljóðar svo:

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.

Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.

Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landslutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annist fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

16. gr. hljóðar svo:

Nú er fersksíld, saltsíld, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrir mælum rannsóknaraðila.

17.—20. gr. hljóða svo:

a. (17. gr.)

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

b. (18. gr.)

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi  $1\frac{1}{2}\%$  af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í ríkissjóð.

c. (19. gr.)

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit.

Lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalálýsis.

d. (20. gr.)

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.